

2010

**Lyfjagreiðslunefnd
Ársskýrsla**

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Nefndarmenn.....	4
2. Fulltrúar hagsmunaaðila.....	4
3. Starfsmenn nefndarinnar.....	4
4. Fundir	4
5. Niðurstöður af fundum nefndarinnar í millj. króna.....	5
6. Samantekt á árinu 2010.....	6
6.01 Breyting á smásöluálagningu.....	6
6.02 Endurskoðun á álagningu dýralyfja	6
6.03 Breytingar á greiðslupátttöku þunglyndislyfja og öndunarfærlyfja	6
6.04 Erlendur verðsamanburður og verðendurskoðun S-merktra lyfja	7
6.05 Fyrirhuguð heildarverðendurskoðun	7
6.06 Lyfjaverðskrárkerfið og ný viðmiðunarskrá.....	7
6.07 Breytingar á notendagreiðslum fyrir lyf	8
6.08 Fundir með lyfjafyrirtækjum	8
6.09 Erlent samstarf og fundir	8
6.10 Samvinnuverkefni með sænsku lyfjagreiðslunefndinni (TLV)	9
6.11 Framtíðarrekstur lyfjagreiðslunefndar	9
7. Greining verkefna og samantekt	10
7.01 Fjöldi umsókna um verð, greiðslupátttöku og afgreiðslutími	10
7.02 Fjöldi breytinga sem birtist í lyfjaverðskrá 2010	10
8. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2010	11
9. Fjármál nefndarinnar	12

Lyfjagreiðslunefnd 2010

Formáli

Ársskýrsla þessi er ætluð fyrir nefndarmenn, starfsmenn nefndarinnar, heilbrigðisráðuneytið og aðrar stjórnsýslustofnanir sem nefndin vinnur með.

Í henni er gerð grein fyrir starfssemi nefndarinnar á árinu 2010 ásamt helstu starfsemistölum.

1. Nefndarmenn

Rúna Hauksdóttir, formaður nefndarinnar, skipuð af heilbrigðisráðuneytinu.

Matthías Halldórsson, tilnefndur af Landlæknisembættinu.

Leifur Eysteinnsson, tilnefndur af fjármálaráðuneytinu.

Guðrún I. Gylfadóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands.

Rannveig Gunnarsdóttir, tilnefnd af Lyfjastofnun.

2. Fulltrúar hagsmunaaðila

Þorvaldur Árnason, fulltrúi smásala.

Guðbjörg Alfreðsdóttir, fulltrúi heildsala.

Ólöf Þórhallsdóttir, fulltrúi heildsala.

Guðbjörg Þorvarðardóttir, fulltrúi dýralækna.

3. Starfsmenn nefndarinnar

Rúna Hauksdóttir, lyfjafræðingur og heilsuhagfræðingur.

Sveinbjörn Högnason, viðskiptafræðingur.

Sigríður Sigurðardóttir, lyfjatæknir.

4. Fundir

Haldnir voru samtals 17 fundir á árinu 2010, nr. 129 til 145.

5. Niðurstöður af verkefnum og ákvörðun nefndarinnar í millj. króna á árinu 2010.

Framkv.	Kjarnastarfssemi	SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
1.1.2010	Breyting á smásöluálag.	44,00	0,00	54,00	98,00
	Verð og greiðslupátttöku erindi	-213,08	21,00	7,15	-184,93
	Samtals	-169,08	21,00	-61,15	-86,93

Framkv.	Sérverkefni	SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
1.6.2010	Verðendurskoðun á S-merktum lyfjum 2010	0,00	-201,00	0,00	-201,00
	Viðbótarsparn. apótekslyfja v. verðendursk. 2009	-307,00	0,00	-103,00	-410,00
	Viðbótarsparn. sjúkrahúslyfa v. verðendursk. 2009	0,00	-143,00	0,00	-143,00
	Samtals	-307,00	-344,00	-103,00	-754,00
	Samtals verkefni LGN	-476,08	-323,00	-161,15	-840,93

Framkv.	Verkefni í samstarfi við HBR og SÍ	SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
1.1.2010	Greiðslupátt. takm. á öndunarfærallyfjum	-215,00	0,00	0,00	-215,00
1.7.2010	Greiðslupátt. takm. á þunglyndislyfjum	-393,00	0,00	0,00	-393,00
	Viðbótarsparn. v. greiðslupátttökuaðgerða 2009	-1218,00	0,00	0,00	-1218,00
	Samtals	-1826,00			-1826,00
		SÍ	Sjúkrahús	Almenningur	Samtals
	<i>Samtals verkefni og samstarfsverkefni</i>	-2302,10	-323,00	-41,90	-2666,90

6. Samantekt á árinu 2010

6.01 Breyting á smásöluálagningu - hækkun fastar krónutölu – 1. janúar breyttist smásöluálagning og var föst krónutalan hækkuð um 3,5%. Áætlað var að þessi breyting hefði í för með sér hækkun á lyfjakostnaði um 98 milljónir miðað við notkun 2009 og verð í janúar 2010. Gert var ráð fyrir að skipting þessa viðbótarkostnaðar sé að 44 milljónir bætist við hjá SÍ og um 54 milljónir hjá sjúklingum. Föst krónutala álagningar fór við þetta úr 675 kr. í 699 kr. og úr 1.755 kr. í 1.816 kr.

Sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun um Lyfjamál (RUL) við Háskóla Íslands var fenginn til að bera smásöluálagningu á Íslandi saman við smásöluálagningu á Norðurlöndunum, með þeim hætti að máta íslenskar tölur inn í norska skýrslu um álagningu á lyf, þar með talið smásöluálagningu á hinum Norðurlöndunum. Niðurstaða RUL var að álagningarbreytingar sem gerðar voru í ársbyrjun 2009 væru að ná þeim markmiðum að endurspegla betur vinnu við lyfjaafgreiðslu en áður var.

Fundað var tvisvar með fulltrúum smásala þ.e. 139 fundi og á 141 fundi m.a um tekjutap sem apótek verða fyrir þegar þau sitja uppi með lyf sem ekki seljast vegna þess að önnur og ódýrari lyf yfirtaka söluna.

Á 145. fundi nefndarinnar 21. desember lögðu fulltrúar smásala bréf til nefndarinnar þar sem fram kom krafa lyfsala að staðið verði við bókun frá 100. fundi nefndarinnar og tekið tillit til breytinga á vísitölum við ákvörðun um hækkun á smásöluálagningu lyfja. Það var mat lyfsala að 12,44% vanti upp á að staðið sé við fyrrgreinda bókun. Ekki var tekin afstaða til erindis og ákveðið var að taka þetta fyrir á næsta ári.

6.02 Endurskoðun á álagningu dýralyfja – Undirbúningur fyrir endurskoðun á álagningu dýralyfja var hafinn eftir umræður á 135. og 137. fundi nefndarinnar í maí og júní í kjölfar bréfs frá Bændasamtökunum. Formlegri endurskoðun lauk ekki fyrir árslok en á 145. fundi nefndarinnar voru lagðar fram upplýsingar um sölu og álagningu á dýralyfjum, bæði óskráðum og skráðum á árinu 2009. Þessar upplýsingar voru sendar formanni Dýralæknafélagsins og var óskað eftir viðræðum um breytta álagningu á dýralyfjum. Gert er ráð fyrir að þetta erindi verði tekið til frekari umfjöllunar á árinu 2011. Ákveðið var að Lyfjagreiðslunefnd birti á heimasíðu nefndarinnar frá og með 1.1.2011 excel-skjal með verðupplýsingum um framleiðslu Keldna.

6.03 Breytingar á greiðsluþátttöku þunglyndislyfja og öndunarfæralyfja – Í samvinnu við heilbrigðisráðuneytið og Sjúkratryggingar Íslands voru gerðar breytingar á greiðsluþátttöku í 2. flokkum lyfja, þ.e. í flokki þunglyndislyfja í undirflokkunum N06AB og N06AX og í flokki öndunarfæralyfja á undirflokkunum R03A og R03B. Breytingarnar felast í því að notkun er beint í ódýrustu lyfin í hverjum flokki fyrir sig en greiðsluþátttöku vegna dýrari lyfjanna var takmörkuð við lyfjaskírteini, sem eru gefin út þegar fyrir liggur rökstudd umsókn læknis.

1. janúar sl. var breyting gerð í öndunarfæralyfjum í undirflokkunum R03A og R03B. Lækkun lyfjaútgjalda Sjúkratrygginga vegna þessara breytinga er talin vera um 215 milljónir á árinu.

1. júní sl. var svipuð breyting gerð á greiðsluþátttöku undirflokkanna N06AB og N06AX í flokka þunglyndislyfja. Útgjaldalækkunin er talin nema um 393 milljónum kr. á árinu.

Gert er ráð fyrir að þessar aðgerðir, að viðbættum áhrifum sams konar aðgerða frá árinu 2009 hafi skilað um 1.826 milljónum kr. í sparnað á árinu 2010.

6.04 Erlendur verðsamanburður og verðendurskoðun S-merktra lyfja. Um mánaðamót apríl-maí var gerð sú reglugerðarbreyting að verðskrárverð svokallaðra S-lyfja skyldi miðast við lágsta verð á Norðurlöndum í stað þess að miðast við meðalverð. Reiknaður sparnaður vegna þessa var 402 milljónir. Ekki er vitað nákvæmlega hver raunsparnaður var, en varlega áætlað hefur hann verið tæpar 90 milljónir án vsk. eða um 9% lækkunar á heildsöluverðmæti

Tvisvar á árinu var gerður verðsamanburður á lyfjaverði við Norðurlöndin, í febrúar og í september. Samanburðurinn var gerður á 40 veltuhæstu pakkningunum sem Sjúkratryggingar Íslands niðurgreiddu fyrir landsmenn árið 2009.

Í september 2010 voru 3 íslensk lyf með hæsta smásöluverðið og 3 með það lágsta en í febrúar 2010 var 1 íslensk lyf með hæsta smásöluverðið og einnig 3 með það lágsta.

Í september 2010 voru 3 íslensk lyf með hæsta heildsöluverðið og 3 með það lágsta en í febrúar 2010 var 1 íslenskt lyf með hæsta heildsöluverðið og 3 með lágsta.

Í desember 2009 hafði ekkert íslenskt lyf verið með hæsta heildsöluverðið en 8 með það lágsta, og þá hafði heldur ekkert íslenskt lyf verið með hæsta smásöluverðið en 7 með það lágsta.

Miðað við kannanirnar er bæði heildsölu- og smásöluverð lyfja á Íslandi að jafnaði undir meðaltali á Norðurlöndunum. Greinilegt er að starf nefndarinnar hefur skilað verulegum árangri.

Unnið hefur verið að verkefni með Ríkisendurskoðun um verðþróun lyfja undanfarin ár.

6.05 Undirbúningur á heildarverðendurskoðun á árinu 2011

Farið var yfir athugasemdir hagsmunaaðila vegna fyrirhugaðar heildarverðendurskoðunar á næsta ári og sett var inn á heimasíðu nefndarinnar almenn ákvæði til frekari upplýsinga.

Mögulegt er að ráða þurfi til nefndarinnar starfsmann í tímabundið starf til þess að framkvæmd endurskoðunarinnar náist inn í verðskrá eigi síðar en 1. júlí 2011.

6.06 Lyfjaverðskrárkerfið og ný viðmiðunarverðskrá – Mánaðarleg útgáfa lyfjaverðskrár er enn sem fyrr eitt af forgangsverkefnum nefndarinnar enda meðal virkustu tækja stjórnvalda til að lækka lyfjaverð í landinu. Útgáfa lyfjaverðskrár er tímafrekt verkefni sem unnið er á stuttum tíma og má lítið út af bregða svo náist að koma skránni út á réttum tíma. Gengið var frá samningi við Prógramm um áfanga III og Skýrr um frekari vinnu við verðskrána og nauðsynlegar endurbætur. Verðskráin var síðan gefin út með nýju viðmóti 1. maí 2010. Í september og desember var farið í breytingar til að auðvelda útgáfu lyfjaverðskrár enn frekar og stytta þann tíma sem fer í útgáfuna sjálfa. Breytingarnar sneru að skilyrta greiðsluþáttökulistanum og listum vegna tilkynningar á birgðum lyfja með lágsta viðmiðunarverð í hverjum flokki.

Á 133. fundi nefndarinnar 23. mars var ákveðið að endurmeta uppbyggingu á viðmiðunarverðskránni m.t.t. þess að halda lyfjakostnaði í lámarki. Í fyrsta lagi var þetta metið út frá því að láta viðmiðunarverð miðast við stk. þ.e. töflu eða hylki eins og gert er í Danmörku. Á 140. fundi þann 14. september var kynnt vinna við nýja

hagkvæmnisflokka í viðmiðunarverðskrá. Grundvöllur hagkvæmisflokka er að viðmiðunarverð miðast við stk. þ.e. töflu eða hylki sem er eins og í Danmörku og Noregi. Hugmyndin er að koma í veg fyrir óhagkvæma verðlagningu á litlum pakkningum og að pakkning detti ekki út af viðmiðunarverðskrá ef hún er ekki “pöruð” við sömu pakkningastærð +/- 10%. Þessi vinna var unnin í samvinnu við SÍ og LST. Gert var ráð fyrir að kynning á þessu færi út til hagsmunaaðila fyrir lok ársins en það náðist ekki.

6.07 Breytingar á notendagreiðslum fyrir lyf – Í maí var formaður lyfjagreiðslunefndar skipaður í vinnuhóp um tillögu að nýju greiðsluþáttökukerfi lyfja fyrir sjúkratryggingar að danskri fyrirmynd

Nefndin lauk undirbúningsvinnu í október og afhenti heilbrigðisráðherra drög að greinargerð. Greinargerðardrögin voru í byrjun nóvember send til helstu hagsmunaaðila til umsagnar og í kjölfarið hófst vinna við ritun lagafrumvarps. Skýrslu var skilað til ráðherra og þaðan fór hún til hagsmunaaðila.

6.08 Fundir með lyfjafyrirtækjum – Í febrúar og byrjun mars voru haldnir óformlegir fundir með lyfjafyrirtækjum, alls fulltrúum 12 umboðsaðila. Formaður sat alla þá fundi en aðrir starfsmenn nefndarinnar skiptust á að sitja fundina. Fundirnir mæltust vel fyrir hjá fulltrúum fyrirtækjanna og voru gagnlegir fyrir nefndina. Öllum fyrirtækjunum var kynnt sú nýjung að frá og með 1. mars 2010 væri þeim gert kleift að breyta gjaldmiðli á sama tímabili og hægt væri að breyta verðum á. Það sem helst brann á fulltrúum fyrirtækjanna var fyrirhugaðar breytingar á greiðsluþáttöku þunglyndislyfja og breytingar á verðviðmiði S-merktra lyfja, auk samvinnu við sænsku lyfjagreiðslunefndina (TLV).

6.09 Erlent samstarf og fundir – Tekið var þátt í 5 erlendum samstarfsfundum á árinu:

Fundur í Madrid 28-29 apríl, hjá “Networking of the Competent Authorities for Pricing and Reimbursement of Pharmaceuticals”.

Vinnufundur í Brussel “The new paradigm for the distribution of pharmaceuticals in Europe” 1 og 2 júlí – ferðin var greidd af Evrópusambandinu.

Fundur hjá “Pharmaceutical Pricing and Reimbursement Information Network Meeting” (PPRI) í Oslo 7-8 júní og í kjölfarið var tekið þátt í verðsamanburði á “Generics in small markets or low volume medicines”

Fundur á vegnum “Pharmaceutical Health Information System PHIS” 27-28 sept. í Róm og skilað var inn yfirliti um Ísland.

Vinnufundur á vegum Evrópusambandsins og “Network meeting of Competent Authorities on Pricing and Reimbursement” í Brussel 15-17 desember – ferðin greidd af Evrópusambandinu.

Svarað var fjölda fyrirspurna frá PPRI – “Pharmaceutical Pricing and Reimbursement Information” og er eftirfarandi yfirlit yfir helstu fyrirspurnir:

PPRI Query Moxivig price.

PPRI network query independent pharmaceutical research.

Austrian query: Individual packaging of pharmaceuticals.

Pneumococcal Polysaccharide conjugate vaccine (adsorbed)_Query.

PPRI network query independent pharmaceutical research.

Query- HIV medicine prices.

Query- price on the packaging of medicines.

PPRI network query – Prescription Query.
PPRI network query policy monitoring 2010.
reimbursement of magisterial preparations.
Availability of Cerezyme-Iceland.
Medicines in oncology.
Query about biosimilars.
Price- and reimbursement-query about Ilaris (Canakinumab) and Arcalyst (Rilonacept)
PPRI network query internet/online pharmacies.
Query- Alteplase (Pricing and reimbursement).
PPRI network query: Studies / Estimations on the economic costs of counterfeit medicines.
Query- Glucose Blood test strips Reimbursement.
Consumption of analgesics, psycholeptics and antidepressants in community pharmacies.
PPRI query on the import of non-authorised medicines.
Consumption of drugs in community pharmacies.
Request for information – Eculizumab (SolarisR)
Are publicly employed medical doctors allowed to work in private clinics in your countries?
Query – Reimbursement of Generics.
Wholesale prices for 5 products , (Natalizumab, Deferasirox, Clopidogrel, Lanthanum Carbonate, Ezetimib).

Jafnframt var unnið áfram í EMINET samstarfinu og tekið þátt í tveimur stórum verðkönnunum hjá INFOPRICE.

6.10 Samvinnuverkefni með sænsku lyfjagreiðslunefndinni (TLV) – Framhald var á samstarfi við Fredrik Nilsson heilsuhagfræðing, sem hófst í kjölfar tilraunaverkefnis um sameiginlegar greiðsluþátttökuumsóknir í Svíþjóð og á Íslandi. Það verkefni hafði breyst í gæðastjórnarverkefni þar sem metinn var fjárhagslegur ávinningur við það að fylgja ákvörðunum TLV. Metnar voru þær umsóknir sem ákvarðaðar voru hjá LGN og TLV á tímabilinu 1. júní 2009 – 1. febrúar 2010, með tilliti til samþykks greiðsluþátttökuverðs, fjölda umsókna og tegunda lyfja. Niðurstaða verkefnisins gæti gefið ástæðu til laga og reglugerðabreytinga, og handrit að vísindagrein hefur verið sent ritryndu vísindatímariti.

6.11 Framtíðarrekstur Lyfjagreiðslunefndar – Á árinu var áfram unnið með tillögur um að sameina starfssemi lyfjagreiðslunefndar og Lyfjastofnunar, að þessu sinni einnig með ákveðnum þáttum úr starfssemi Landlæknisembættis, Sjúkratrygginga Íslands og heilbrigðisráðuneytis, þannig að opinber umsýsla lyfjamála önnur en pólitísk stefnumótun yrði sameinuð í stofnun sem fékk vinnuheimið Lyfjahús. Ákveðið var að fara af stað með vinnu þar sem verkferlar nefndarinnar voru greindir og samskipti við hagsmunaaðila og aðrar stofnanir. Þetta myndi taka til verkferla við undanþágulyf

Í ferlinu kom í ljós að ýmis vandkvæði voru á þessari sameiningu, og seint á árinu var ákveðið að fresta um óákveðinn tíma frekari vinnu við hana. Nefndin telur enn að mikilvægt sé að gerðar séu tillögur að því styrkja starfssemi nefndarinnar, sem hefur aukist verulega á síðustu árum. Augljós vandamál eru til staðar við að reka lyfjagreiðslunefnd með þeim hætti sem hún er rekin í dag með þrjú starfsmenn í 2,7 stöðugildum.

Kjarnastarfssemi nefndarinnar hefur enn verið að aukast án þess að bætt hafi verið við starfsmönnum. Erindafjöldi sem nefndin hefur meðhöndlað á árinu 2010 hefur aukist um 57% frá því sem var á árinu 2009. Þetta er samhliða því að vinna við útgáfu

lyfjaverðskrár hefur aukist að umfangi vegna fleiri lyfjaflokka sem hafa skilyrta greiðsluþátttöku.

	2009	2010
Erindi til lyfjagreiðslunefndar	2.884	4.537
Þar af ný lyf, þakningar	319	311
Þar af undanþágulyf		143

Fyrirliggur að heilbrigðisráðuneytið flytji úr húsnæðinu í Vegmúla á næsta ári en óljóst er hvort nefndin flytji einnig.

7. Greining verkefna og samantekt

7.01 Fjöldi umsókna um verð, greiðsluþátttöku og afgreiðslutími

	Fjöldi vöru númera	Meðaltal fjö. daga í afgr.	Min fjö. daga	Max fjö. daga	Samþykkt	Hafnað / dregið til baka
Nýtt frumlyf	96	91	1	207	84	12
Nýtt samheitalyf	141	50	0	105	79	62
Nýtt samhliða innflutt	32	37	9	107	25	7
Nýtt dýralyf	27	58	11	105	26	1
Samtals	296				214	82

7.02 Fjöldi breytinga sem birtist í lyfjaverðskrá 2010

Skýring breytingar	Fjöldi
Afgreiðslumáti	1
Afskráð mrl/afskr. norrænt vörunúmer/afskr. birgðask.	375
Br.geymsluskilyrði	2
Breyting á innkaupsverði	338
Breytt ATC-flokkur	19
Breytt DDD/pk	47
Breytt geymsluþol	33
Breytt greiðsluþátttaka	159
Breytt heiti lyfs	30
Breyttur markaðsleyfishafi	176
Breyttur umboðsmaður	333
Breyttur viðmiðunargjaldmiðill	66
Form	55
Greiðsluþátttaka afnumin	136
Hættur viðmiðunarverðflokkur	157
Leiðbeiningar	1
Markaðs-/umboðsmanna heildsöluverð	867
Nýr viðmiðunarverðflokkur	191

Nýskráð norrænt vörunúmer	292
Nýtt á skrá	264
Nýtt á viðmiðunarverðskrá	276
Sérfræðingur ávísar	16
Úr viðmiðunarverðskrá	214
Verðbreyting á lausasölulyfi	2
Verðhækkun	123
Verðlækkun	204
Af undanþágulista	10
Á undanþágulista	7
Samtals	4394

8. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2010

Gengisbreytingar voru umtalsverðar á árinu og leiddu til lægra lyfjaverðs til neytenda.

	1.jan.10	1.des.10	Breyting
CHF	122,0043	114,6222	-6,05%
DKK	24,7493	20,8023	-15,95%
EUR	184,1529	155,0787	-15,79%
GBP	203,8919	178,7370	-12,34%
NOK	21,7969	19,0609	-12,55%
SEK	17,7018	16,6543	-5,92%
USD	124,0619	111,8435	-9,85%

Á árinu hélt áfram tilflutningur á viðmiðunargjaldmiðli lyfja úr íslenskri krónu yfir í erlenda mynt. Sú tilhneiging hefur verið undanfarin fjögur ár. Áður voru um 40% af lyfjum í íslenskri krónu en núna um 12%. Afleiðingin er að lyfjaverð er nú meira háð gengissveiflum.

Gjaldmiðill	Hlutfall lyfjakostnaðar
CHF	0,1%
DKK	39,4%
EUR	12,8%
GBP	7,5%
IKR	12,0%
NOK	6,1%
SEK	21,5%
USD	0,5%

9. Fjármál nefndarinnar

	Árið 2009	Árið 2010	Mism. milli ára	Mism. milli ára
Laun og launatengd gjöld	24.005.461	22.744.292	-1.261.169	-5%
Aðkeypt þjónusta	6.924.135	3.337.005	-3.587.130	-52%
Fundir, ferðir	626.844	1.297.919	671.075	207%
Rekstur skrifstofu	3.476.633	3.864.483		11%
Samtals	35.033.073	31.243.699		-11%
Fjárlög	34.700.000	35.700.000		3%
Sértekjur	741.533	140.531		-81%
Samtals fjárveiting	35.441.533	35.840.531		1%
Mismunur	408.460	4.596.832		

Lækkun á launum og launatengdum gjöldum skýrist annars vegar af því að á miðju ári 2009 var ráðinn lyfjatæknir í stað hagfræðings og hins vegar að á árinu 2009 fór formaður nefndarinnar úr fullu starfi í hlutastarf. Jafnframt voru 2 af nefndarmönnum ekki á nefndarlaunum á árinu vegna þess að þeir voru forstöðumenn stofnanna.

Lækkun á aðkeyptri þjónustu skýrist af því að nauðsynlegar breytingar og viðhaldsvinna við Lyfjaverðkrárkerfi var geymt til að hægt væri að semja um verkið í heild í stað þess að panta sífellt aukavinnu vegna einsskiptisverkefna. Því fékkst að flytja rekstrarafgang á milli ára.

Hækkun á ferða- og fundakostnaði er vegna aukinna funda og ferða á árinu 2010. Rekstur skrifstofu er hærri árið 2010 en 2009 þar sem leiga á húsnæði telst með rekstri skrifstofu.